

Tillaga að ályktun:

„Bolfiskvinnsla hefur verið endurreist á Hólmavík. Þar eru nú á þriðja tug starfa og því fjölmennasti vinnustaður í Strandabyggð. Forsendur þessarar vinnslu er sértækt aflamark frá Byggðastofnun sem samið hefur verið um til nokkurra ára. Það er Sveitarstjórn Strandabyggðar áhyggjuefni ef framkomnar hugmyndir um auknar Strandveiðar verði til þess að skerða aflaheimildir samnings um sértækt aflamark til Strandabyggðar og kippa þar með fótunum undan heilsársstörfum í fiskvinnslu. Sveitarstjórn Strandabyggðar skorar því á þingmenn NV-kjördæmis og atvinnuvegaráðherra að koma í veg fyrir að svo verði.“